



# Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Verkefni 2009–2013



# Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Verkefni 2009–2013

Útgefandi: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013

Hönnun og umbrot: Pokahornið / Ragnheiður Kristjánsdóttir

Ljósmyndir: Hugi Ólafsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Andrés Skúlason, Björn Þorsteinsson,

Helga Davids, af vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og norden.org

ISBN 978-9935-9143-0-9

## Ávarp ráðherra

Kjörtímabilið sem nú er að renna sitt skeið á enda hófst við efnahagshrun sem hafði leitt af sér pólitískt og samfélagslegt umrót af áður óþekktri stærðargráðu. Ný ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar tók við erfiðu búi og fyrirséð var að geigvænlegar skuldir þjóðabúsins myndu sníða opinberum rekstri þröngan stakk. Að kjörtímabilinu loknu er gott að geta litið yfir farinn veg og séð að þessi fjögur ár voru frjósamari en margur hefði þorað að vona. Í þessu hefti er haldið til haga helstu áföngum í starfi ráðuneytisins, sem hét umhverfisráðuneyti við upphaf kjörtímabils en hefur síðan vaxið og dafnað og heitir nú umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Nýju nafni fylgja ný verkefni, einna umfangsmest er rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem varðar gríðarlega hagsmuni til langrar framtíðar.

Einn mikilvægasti lærdómurinn af hruninu er hversu styrkum fótum stjórnsýslan stendur. Þótt hér hafi bankakerfi og efnahagslíf hrunið, þá hélt stjórnkerfið ótrautt áfram. Ber að þakka öllum þeim fjölda fólks sem lagði hönd á plóg við að koma þjóðinni heilli í gegnum efnahagslegu hamfarirnar–og ekki síður þeim enn stærri hópi sem hefur haldið úti öflugum opinberum rekstri þrátt fyrir erfiðan niðurskurð á fjárlögum.

Stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hafa fundið fyrir niðurskurði á ýmsum sviðum, en jafnframt hafa þær verið framfarlega í forgangsröðinni þegar auknir fjármunir hafa verið til ráðstöfunar. Leið Íslands út úr kreppunni hefur öðrum þræði verið græn. Það má t.a.m. sjá á því að ferðaþjónusta hefur verið ein megin kjölfestan í uppbyggingu efnahags þjóðarinnar, en hún er geiri sem á allt sitt undir því að vel sé gætt að náttúrunni sem flestir gestir eru komnir til að njóta.

Síðastliðin fjögur ár hafa verið viðburðarík í ráðuneytinu og mörgum stórum verkefnum hefur verið komið í örugga höfn. Ég er gríðarlega stolt yfir þeim árangri sem náðst hefur á liðnum fjórum árum í umhverfis- og náttúruverndarmálum. Upp úr standa rammaáætlun og ný náttúruverndarlög. Einnig mætti nefna Ársósasamninginn, vatnatilskipunina, Evrópska landslagssáttmálann, metnaðarfull losunarmarkmið gróðurhúsalofttegunda, gjaldfrjáls landupplýsingagögn og ótal margt fleira. Ég vona að meðfylgjandi yfirlit sýni á sanngjarnan hátt hversu miklu er hægt að áorka í umhverfismálum á einu kjörtímabili–fjórum árum sem líða eins og í hendingskastí–og verði okkur innblástur til að vinna að enn grænna Íslandi á næstu fjórum árum.



### Umhverfis- og auðlindaráðuneytið tekur til starfa

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytið tók til starfa í september 2012 við tilflutning verkefna úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Samhliða tók nýtt skipurit ráðuneytisins gildi.*

*Við breytingarnar urðu rannsóknir á auðlindum og ráðgjöf um nýtingu þeirra verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Ráðuneytinu er m.a. falið að setja viðmið um sjálfbæra nýtingu allra auðlinda og að annast gerð áætlunar um vernd og nýtingu orkusvæða (rammaáætlun). Sömuleiðis er ráðuneytinu falin forysta um skipulagsmál hafsins og strandsvæða. Vegna þessara nýju verkefna fluttust Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR), landshlutaverkefni í skóg-rækt og Veiðimálastofnun til ráðuneytisins.*

*Í ráðuneytinu eru fjórar fagskrifstofur auk skrifstofu yfirstjórnar starfandi; þrjár skrifstofanna hverfast um málaflokka ráðuneytisins; skrifstofa landgæða, skrifstofa hafs, vatns og loftslags og skrifstofa umhverfis og skipulags. Þvert á alla starfsemi ráðuneytisins gengur svo skrifstofa fjármála og rekstrar. Þá starfa fagteymi um ákveðin verkefni ráðuneytisins þvert á starfsemi þess.*

Svandís Svavarsdóttir  
umhverfis- og auðlindaráðherra



## Efnisyfirlit

Löggjöf á sviði náttúruverndar	8
Friðlýsingar	9
Þjóðgarðar	10
Ferðamenn og náttúra	12
Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða	13
Vatnsauðlindin	14
Loftslagsmál	15
Endurheimt vistkerfa	17
Líffræðileg fjölbreytni	18
Verndun hafsins	20
Norðurslóðamál	21
Samráð og upplýsingar til almennings	22
Skipulag og mannvirki	22
Landupplýsingar	23
Úrgangsmál	24
Sjálfbær þróun	25
Menntun til sjálfbærni	27
Eldgos	28
Endurbætur í stjórnsýslu	29
Lagasetning á sviði mengunarmála	30



Hvitbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands afloat.

## Löggjöf á sviði náttúruverndar

Segja má að náttúran og vernd hennar hafi verið eitt meginviðfangsefni ráðuneytisins á árunum 2009 – 2013, í samræmi við fyrirheit í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar segir að hefja skuli náttúruvernd til vegs og virðingar og styrkja hana til muna innan Stjórnarráðsins, endurskoða náttúruverndarlög, treysta verndarákvæði og tryggja almannarétt.

### Undirbúningur löggjafarinnar

Gerð Hvitbókar um löggjöf til verndar náttúru Íslands er í samræmi við vinnubrögð sem tíðkast við lagasmíði á Norðurlöndunum, en þetta var í fyrsta sinn sem farin var þessi leið við lagasetningu hér á landi. Hvitbókinni var ætlað að leggja grunn að samningu frumvarps til nýrra náttúruverndarlaga og að stuðla að almennri umræðu og þátttöku almennings í stefnumótun um náttúruverndarlöggjöf. Hvitbókin var aðalumfjöllunarefni á Umhverfisþingi 2011 en jafnframt var efnt til almennra kynningarfundum um hana á landsbyggðinni. Í kjölfarið hófst opið umsagnarferli þar sem almenningi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við efni Hvitbókarinnar. Við gerð frumvarpsins var efni Hvitbókarinnar haft til hliðsjónar sem og umræðan á Umhverfisþingi og framkomnar athugasemdir.



Á Breiðafirði.

### Aðgengi fatlaðra að náttúrunni

Meðal ákvæða í frumvarpinu má nefna að gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágur frá banni við akstri vélknúinna ökutækja utan vega sem taki til ákveðins hóps einstaklinga. Þessu er ætlað að mæta þörfum fatlaðs fólks og hreyfihamaðra og er gert að tillögu starfshóps sem hafði það verkefni að finna leiðir til að hreyfihamaðir geti notið náttúrunnar í sama mæli og aðrir.

Ný lög um náttúruvernd voru samþykkt á Alþingi í mars 2013. Með lögnum er náttúruvernd eflað til muna, m.a. með því að styrkja ferli friðlýsinga og fjölga friðlýsingarflokkum, gera almannarétt skýrari, bæta viðurlög við brotum, sporna við utanvegaakstri og lögfesta nokkrar meginreglur umhverfisréttar. Þá er stofnaður náttúruverndarsjóður.

Frumvarpið til laga um náttúruvernd er afrakstur vinnu sem staðið hefur stóran hluta kjörtímabilsins. Í nóvember 2009 skipaði ráðherra nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga. Nefndin skilaði í ágúst 2011 Hvitbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands þar sem fjallað er um það lagaumhverfi sem snýr að náttúruvernd á Íslandi, um skuldbindingar Íslands skv. alþjóðasamningum og um íslenska náttúru. Jafnframt er fjallað um þær aðferðir og viðhorf sem hafa rutt sér til rúms í náttúruvernd á undanföllum árum og settar fram tillögur um útfærslu þeirra í íslenski löggjöf.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum voru einnig endurskoðuð á kjörtímabilinu en nefnd um endurskoðun laganna skilaði í apríl 2013 umhverfis- og auðlindaráðherra sambærilegri skýrslu og unnin var í aðdraganda endurskoðunar náttúruverndarlaga. Í skýrslunni er farið yfir stöðu villtra dýrastofna á Íslandi, nógildandi lagaumhverfi er varðar vernd og veiðar þessara stofna og stöðu Íslands með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga auk tillagna nefndarinnar.

Nefnd um úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar skilaði einnig álit sínu um framkvæmd laganna á tímabilinu. Var skýrsla nefndarinnar send til umsagnar helstu hagsmunaaðila og hafa umsagnir borist ráðuneytinu, þar sem málið er til skoðunar.





Blábjörg á Berufjarðarströnd.

## Friðlýsingar

Óhætt er að segja að fjölbreytileiki íslenskrar náttúru endurspeglar hvað best í þeim svæðum sem friðlýst voru á kjörtímabilinu en þar er m.a. að finna búsvæði skordýra, stórbrotið hálendislandslag, dropsteinahelli og birkiskóg sem varðveist hefur ósnortinn án áhrifa mannsins. Þá voru sjö friðlýsingar endurskoðaðar og unnið að friðlýsingum nokkurra svæða til viðbótar.

Meðal annars voru Dimmuborgir og Hverfjall (Hverfell) í Skútustaðahreppi í Mývatnssveit friðlýst sem náttúruvætti en í báðum tilfellum er um að ræða sérstæðar jarðmyndanir á einum af vinsælustu ferðamannastöðum landsins. Friðlýsing Langasjávar, hluta Eldgjár og nágrennis var önnur þriggja friðlýsinga á tímabilinu til stækkunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Þessar náttúruminjar eru taldar hafa mikið gildi á heimsvísu, auk hins háa úti- vistar-, fræðslu- og vísindagildis þeirra. Kalmanshellir í Hallmundarhrauni var einnig friðlýstur en í raun er um að ræða hellakerfi, í heildina 4.014 kílómetra langt, sem gerir hann að lengsta helli landsins. Hellirinn hefur að geyma óvenju glæsilegar hraunmyndanir, dropstrá og dropsteina, rennslismynstur og storkuborð og skartar m.a. einu lengsta þekktasta hraunstrái jarðar, sem er 165 sentimetrar á lengd. Viðey í Þjórsá var friðlýst fyrir þær sakir að vegna árinna í kring er þar að finna lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg sem vaxið hefur án teljandi áhrifa mannsins.

Friðlýsing búsvæðis tjarnalukku á Hálsnum við Djúpavog var fyrsta friðlýsing svæðis til verndar smádýralífi hér á landi. Sömu leiðis var friðlýst búsvæði fugla í Andakil í Borgarfirði stækkað og var það mikilvægt skref í vernd og endurheimt votlendis hér á landi með tilliti til vernd-

### Friðlýst svæði 2009–2013

- Gálgahraun í Garðabæ
- Skerjafjörður innan marka Garðabæjar
- Fjalllendi á jörðunum Hoffelli og Miðfelli við Hoffellsjökul-stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs
- Grótt\*
- Viðey í Þjórsá
- Langisjór, hluti Eldgjár og nágrenni – stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs
- Reykjanesfólkvangur\*
- Kalmanshellir
- Hverfjall/Hverfell í Mývatnssveit
- Dimmuborgir í Mývatnssveit
- Hálsar í Djúpavogshreppi, búsvæði tjarnalukku
- Búsvæði fugla í Andakil
- Einkunnir í Borgarfirði\*
- Böggvisstaðafjall\*
- Ósland í sveitarfélaginu Hornafirði\*
- Surtsey\*
- Skerjafjörður innan marka Kópavogs
- Seljahjallagil, Bláhvammur, Prengslaborgir og nágrenni í Mývatnssveit
- Varmárósar, Mosfellsbæ\*
- Blábjörg, Djúpavogshreppi
- Teigarhorn
- Krepputunga – stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs
- Stækkun friðlands í Þjórsárverum (væntanlegt í apríl 2013)
- Álafoss og Tungufoss í Mosfellsbæ (væntanlegt í apríl 2013)

\*Endurskoðaðar friðlýsingar



Andakill í Borgarfirði.

unar fugla og bindingar gróðurhúsalofttegunda. Andakill var aukinheldur eitt af þremur votlendissvæðum sem tekin voru inn á lista Ramsarsamningsins í apríl 2013. Hin eru friðlandið í Guðlaugstungum og Eyjabakkar í Vatnajökulsþjóðgarði.

Gálgahraun í Garðabæ var friðlýst sem friðland í því skyni að íbúar bæjarfélagsins gætu notið útivistar í fögru umhverfi. Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi voru friðlýst sem náttúruvætti en þau eru sérstæð fyrir blágrænan blæ sem rekja má til klóritsteindar sem myndaðist við ummyndun bergsins. Íslenska ríkið festi kaup á Teigarhorni í janúar 2013 en á jörðinni er m.a. einn þekktasti fundarstaður geislasteina (zeolita) í heiminum og var hluti jarðarinnar af þeim sökum friðlýstur sem náttúruvætti árið 1975. Í kjölfar jarðarokaupanna var jörðin gerð að fólkvangi og hið friðlýsta náttúruvætti stækkað. Sömu leiðis er væntanleg í apríl 2013 stækkun á núverandi friðlandi Þjórsárvera. Tekur stækkunin til Hofsjökuls alls auk votlendis, þ.á m. svokallaðrar rústamýrurvistar sunnan og vestan jökulsins.

## Hellar á Íslandi

Aðeins þrjár hellar hafa verið friðlýstir hér á landi en með auknum ferðamannastraumi hefur áhugi á þeim og umferð um þá vaxið til muna. Samráðsnefnd um málefni er varða verndun hella hér á landi var skipuð í lok árs 2012. Var henni ætlað að gera tillögu að stefnumörkun um verndun hella þar sem m.a. kæmi fram forgangsöðun um friðlýsingu einstakra hella og koma með ábendingar um hvaða hellum beri að loka fyrir almennri umferð. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra í apríl 2013 þar sem m.a. er lagt til að komið verði á fót ráðgjafanefnd um hella sem hefði aðkomu að framkvæmdum við hella og skráningu þeirra, komið verði á gagnagrunni um hella og fræðsla til almennings aukin.

## Landslagssamningur Evrópu staðfestur

Ísland gerðist aðili að Landslagssamningi Evrópu árið 2012 en markmið hans er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Fjögur meginatriði eru dregin fram í samningnum: að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins, að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess, að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótun stefnu um landslag og að huga að landslagi við aðra stefnumótun, s.s. í stefnu um byggðapróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.



Langisjór og nágrenni.

## Þjóðgarðar

Vatnajökulsþjóðgarður stækkaði í þriggja tímabilinu – fyrst árið 2009 við friðlýsingu fjalllendis á jörðunum Hoffelli og Miðfelli við Hoffellsjökul og í annað skiptið við friðlýsingu Langasjávar Eldgjár og nágrennis árið 2011. Þriðja stækkun garðsins varð í apríl 2013 þegar Krepputunga varð hluti þjóðgarðsins. Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs var staðfest árið 2011 eftir samráð við fjölda einstaklinga, stofnana og félagsamtaka og er unnið að breytingum áætlunarinnar á árinu 2013. Stjórnunar- og verndaráætlunin felur í sér stefnu,

markmið og framtíðarsýn þjóðgarðsins hvað varðar náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Þar er kveðið á um skipulag samgangna í þjóðgarðinum, þjónustu við ferðamenn, náttúruvannsóknir og umhverfisvöktun. Í janúar 2013 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra svo starfshóp til að fara yfir núverandi stjórnfyrirkomulag þjóðgarðsins og skilaði hann tillögum sínum og umfjöllun til ráðherra í apríl 2013.

Uppbygging gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs og annarra friðlýstra svæða er vel á veg komin; í júní 2010 var Snæfellsstofa á Skriðuklaustri, gestastofa fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, formlega tekin í notkun og í janúar 2013 undirritaði umhverfis- og auðlindaráðherra samning um byggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri en það mun m.a. hýsa gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði. Þess má geta að Surtseyjarstofa, gestastofa í Vestmannaeyjum fyrir friðlandið Surtsey, var einnig opnuð á tímabilinu.

Í júní 2010 var verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls staðfest en markmið hennar er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja. Í þessu felst m.a. að náttúra þjóðgarðsins fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er um leið og almenningi er gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Þá var verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár undirrituð 2011. Meginmarkmið hennar er að draga fram verndargildi svæðisins og marka stefnu um verndun þess.



Fjölmíðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 2011.



Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Bratttholti 2012.

## Dagur íslenskrar náttúru

Árið 2010 var ákveðið að 16. september ár hvert skyldi tileinkaður íslenskrri náttúru. Dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar og er þetta viðurkenning á framlagi hans til náttúruverndar og almenningsfræðslu um íslenska náttúru, sem og annarra sem lagt hafa sitt af mörkum á því sviði.

Dagur íslenskrar náttúru hefur verið haldinn hátíðlegur tvisvar, árin 2011 og 2012, og hafa undirtektir verið góðar. Efnt hefur verið til viðburða víða um land í tilefni hans þar sem landsmenn hafa verið minntir á mikilvægi náttúruverndar og fengið að upplifa íslenska náttúru á þessum hátíðardegi. Þá hefur ráðherra veitt fjölmíðlaverðlaun og náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Bratttholti við sérstaka hátíðarathöfn í tilefni dagsins.

## Höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar Íslands

Í lok árs 2010 flutti Náttúrufræðistofnun Íslands í nýtt húsnæði í Garðabæ sem er sérstaklega hannað fyrir starfsemi stofnunarinnar. Í húsinu er nýjustu tækni beitt til að tryggja varðveislu náttúrugripa sem margir eru mjög verðmætir og sjaldgæfir. Hús Náttúrufræðistofnunar er eitt af fyrstu húsunum hér á landi til að fá alþjóðlegu BREEAM-umhverfisvottunina en hún tekur til þeirra þátta byggingarinnar sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif hennar og stuðla að sjálfbærni.

## Verðlaunahafar

Árlega veitir umhverfis- og auðlindaráðherra fern verðlaun í því skyni að vekja athygli á því sem vel er gert í umhverfis- og náttúruverndarmálum. Verðlaunahafar á tímabilinu voru:

### Kuðungurinn (fyrirtækjaverðlaun)

- 2009–Prentsmiðjan Oddi
- 2010–Farfluglaheimilin í Reykjavík
- 2011–Náttúran.is

### Varðliðar umhverfisins (verkefnasamkeppni grunnskólanema í 5.–10. bekk)

- 2010–Nemendur í Hvolsskóla
- 2011–Nemendur í Þjórsárskóla
- 2012–Nemendur í Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði og Foldaskóla í Grafarvogi

### Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Bratttholti (markvert starf á sviði náttúruverndar)

- 2010–Sigrún Helgadóttir
- 2011–Þóra Ellen Þórhallsdóttir
- 2012–Hjörleifur Guttormsson

### Fjölmíðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

- 2011–Ragnar Axelsson ljósmyndari
- 2012–Rúnar Pálmason blaðamaður



Í Rauðufossafjöllum.

## Ferðamenn og náttúra

Náttúrutengd ferðamennska er að verða einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar enda er það stórbrotin og sérstæð náttúran sem dregur flesta ferðamenn til landins. Þar skipta miklu friðlýst svæði en innan þeirra er að finna flestar náttúrugrsemur landsins.

Samkvæmt könnunum nefnir mikill meirihluti ferðamanna náttúru Íslands sem helstu ástæðu fyrir heimsókn sinni til landsins. Til að byggja Ísland upp sem áfangastað ferðamanna þarf að tryggja að náttúran, helsta auðlindin sem ferðaþjónustan byggir á, glati ekki verndargildi sínu og aðdráttarafl. Það þarf að útbúa náttúruverndarsvæðin þannig að þau geti tekið við aukinni umferð ferðamanna og skapað atvinnutækifæri og tekjur á landsbyggðinni.

Mjög hröð aukning hefur verið í komu ferðamanna hingað á síðustu árum. Því liggur fyrir að umfangsmikil uppbygging innviða er framundan til að geta tekið á móti þessum fjölda. Hefur Umhverfisstofnun jafnframt unnið stöðumat á ástandi friðlýstra svæða, sk. „rauðlista-svæði“ sem eru forgangssvæði hvað varðar stjórn á flæði ferðamanna og uppbyggingar. Á grunni þeirrar vinnu hefur svæðum verið forgangsraðað. Stjórnvöld hafa náð að efla þennan málaflokk nokkuð á undanförunum árum. Þar munar mestu um fjármuni úr Framkvæmdasjóði ferðamanna en hann er fjármagnaður með svokölluðu gistináttagjaldi sem Alþingi samþykkti sumrið 2011. Að auki er í gegnum fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar ráðstafað umtalsverðum upphæðum til uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu á friðlýstum svæðum og öðrum náttúruperlum.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á aðgerðir sem tryggja verndargildi og öryggi, s.s. göngustíga, stíkun gönguleiða, útsýnispalla, öryggisgirðingar, merkingar, fræðsluskilti, viðvörunarskilti, gróðurbætur og eftirlit. Slíkar framkvæmdir eru afar brýnar þar sem mikil uppsöfnuð þörf er á uppbyggingu, spáð er vaxandi fjölda ferðamanna og einnig kallar aukinn straumur ferðamanna utan sumartímans á aðra gerð innviða.

## Utanvegaakstur

Aðgerðaráætlun til að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaaksturs var lögð fram árið 2010 og var hún til þriggja ára. Í henni kom fram yfirlit yfir stöðu mála í málaflokknum ásamt tillögum til úrbóta. Umhverfisstofnun hefur tekið saman tölur um tíðni utanvegaaksturs og fram hefur komið að svo virðist sem kærðum tilvikum til lögreglu hafi heldur fækkað. Það er samdóma álit þeirra sem koma að þessum málum að lögreglan sinni nú málefninu betur en áður og að ákveðin vakning hafi átt sér stað í málaflokknum.

Upplýsingamál hafa batnað töluvert, s.s. með fjölgun skilta inn á helstu hálandisleiðir sem Vegagerðin hefur staðið fyrir. Þjóðgarðsverðir, landverðir og Hálandsvakt björgunarsveitanna sinna fræðslumálum vel auk þess að skrá tilvik um utanvegaakstur og koma þeim til lögreglu.

Starf nefndar um flokkun vega í samvinnu við sveitarfélög landsins er enn í gangi. Starfshópurinn hitti fulltrúa allra sveitarfélaganna sem land eiga innan miðhálandislínu en ekki hafa öll sveitarfélög skilað tillögum að flokkun vega innan hvers sveitarfélags.



Verkefnisstjórn skilar skýrslu um 2. áfanga rammaáætlunar..

## Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Stór áfangi náðist í að skapa andrúmsloft sáttar og samvinnu um ráðstöfun landsvæða þegar rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða var samþykkt í byrjun árs 2013. Rammaáætlun er mikilvægur grunnur fyrir stjórnvöld, almenning og atvinnulífið að ganga út frá þar sem tekin er afstaða til þess hvort nýta eigi svæði til orkuframleiðslu eða til annarra þarfa, eins og til að mynda ferðaþjónustu. Í þessu felst mikilvæg framtíðarsýn sem myndar skýran grunn fyrir stefnumörkun stjórnvalda og áætlanagerð atvinnulífsins. Um leið undirstrikar hún þýðingu náttúruverndar á Íslandi, núlifandi og komandi kynslóðum til heilla.

Rammaáætlun var á annan áratug í undirbúningi en segja má að sjónarmið náttúruverndar og orkunýtingar hafi togast á allt frá sjöunda áratugnum. Samþykkt Alþingis tekur til 67 hugmynda að vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum víðs vegar um landið. Falla 16 virkjunarhug-



Skógarfoss.

myndir í orkunýtingarflokk og er því heimilt að veita leyfi til orkuvinnslu á þeim landsvæðum að undangengnu lögbundnu ferli. Aðrar 20 virkjunarhugmyndir falla í verndarflokk þar sem talin er ástæða til að friðlýsa viðkomandi svæði gagnvart orkuvinnslu og hefur Umhverfisstofnun hafið vinnu við þær friðlýsingar. Í biðflokk fellur 31 hugmynd þar sem talið er að afla þurfi frekari upplýsinga um þær svo meta megi hvort þær eiga að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk.

Sú ríkisstjórn sem tók við 2009 lagði ríka áherslu á að ljúka gerð rammaáætlunar. Jafnframt var tekin ákvörðun um að sett yrðu lög um meðferð rammaáætlunar og að niðurstöður verkefnisstjórnar yrðu lagðar fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun voru samþykkt samhljóða vorið 2011 og tóku að fullu gildi þegar Alþingi samþykkti rammaáætlun sem þingsályktun.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar skilaði niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra 5. júlí 2011 og á grundvelli þeirra var þingsályktunartillögunni stillt upp. Sú tillaga fór í lögbundið 12 vikna umsagnar- og samráðsferli haustið 2011 og bárust alls 225 umsagnir við tillöguna. Á grundvelli þeirra umsagna voru sex virkjunarhugmyndir fluttar úr nýtingarflokki í biðflokk svo hægt væri að afla ítarlegri gagna um svæðin áður en ákvörðun yrði tekin um afdrif þeirra – ákvörðun sem byggir á bestu mögulegu upplýsingum um náttúrufar og umhverfi þeirra.

Haustið 2012 var rammaáætlun meðal þeirra verkefna sem fluttust til umhverfis- og auðlindaráðuneytis og mælti Svandís Svavarsdóttir fyrir málinu sem var svo samþykkt 14. janúar 2013. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar Alþingis hóf Umhverfisstofnun vinnu við friðlýsingu þeirra 20 landsvæða sem falla í verndarflokk rammaáætlunar. Ný verkefnisstjórn rammaáætlunar var skipuð 27. mars 2013 og skal fjalla um virkjunarhugmyndir og landsvæði í biðflokki rammaáætlunar og svæði sem ekki hafa verið áður til umfjöllunar, en getur einnig endurmetið virkjunarhugmyndir og landsvæði gildandi áætlunar. Verkefnisstjórn er ætlað að skila tillögum sínum til ráðherra innan fjögurra ára, sem svo leggur þingsályktunartillögu fyrir Alþingi.



Útsýni af Orrustuhóli.

## Vatnsauðlindin

Ísland er auðugt af vatni, bæði yfirborðsvatni og grunnvatni. Vatnið er ein mikilvægasta auðlind landsins; mikill hluti húsnæðis á landinu er hitaður með jarðhitavatni, fjöldi almenningsundlauga er með því mesta sem um getur í heiminum, vatnsveitur eru á hverju byggðu bóli með tæru og hreinu neysluvatni, rafmagn er framleitt með rennsli ána eða jarðhita, vatnavistkerfi eru mikilvæg tekjulind og tómstundagaman og margt fleira mætti nefna. Á hinn bóginn getur öll starfsemi valdið álagi á vatn, s.s. losun efna í umhverfið, breytingar á vatnsvegum og vatnstaka. Álag getur t.d. valdið því að notagildi vatns rýrnar eða breytt vatnavistkerfi þannig að fjölbreytileiki lífvera minnkar.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var kveðið á um að vatnatilskipun ESB skyldi innleidd og aðlöguð íslenskum aðstæðum með því að ljúka við frumvarp til nýrra laga um stjórn vatnamála. Lög um stjórn vatnamála voru samþykkt á Alþingi 2011 en meginmarkmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. Með lögnum á að skapa grundvöll fyrir góða og skilvirka stjórnsýslu við stjórn vatnamála svo hægt sé að tryggja aðgang að nægu, góðu og heilnæmu vatni til framtíðar.

Með stjórn vatnamála er stefnt að heildstæðri og samræmdri stýringu vatnamála þar sem vernd og sjálfbær nýting á vötnum, strandsjó og grunnvatni er höfð að leiðarljósi. Á grundvelli laganna var vatnaráð sett á fót, sem er umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála en Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu vatnsverndar. Nú er unnið að heildstæðri vatnaáætlun og gert ráð fyrir að fyrsta vatnaáætlunin fyrir landið liggi fyrir í lok ársins 2015, sem og vöktunaráætlun um mitt ár 2014. Umhverfisstofnun hefur umsjón með þeirri vinnu í samvinnu við aðrar stofnanir, en einnig er haft viðtækt samráð við sveitarfélög, hagsmunaaðila og almenning.

Þá var stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands auglýst í lok árs 2012 til kynningar, en í henni er leitað svara við því hvaða þættir geti valdið álagi á vatn á Íslandi. Skýrslan verður í umsagnar- og kynningarferli fram í júní 2013 en á grundvelli hennar verður vatnaáætlun unnin þar sem kröfur um ástand vatns verða tilgreindar.

## Evrópskt ár vatnsins

*Vatn í ólíkum myndum var umfjöllunarefni ljósmyndasýningar á plakötum sem hengd voru upp í strætóskýlum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið á vormánuðum 2012 í tilefni af evrópsku ári vatnsins. Að áttakinu stóðu auk ráðuneytisins Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Landgræðsla ríkisins og Íslenska vatnafræðinefndin í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara. Af sama tilefni var með reglubundnum hætti yfir árið efnt til hádegisfyrirlestra undir yfirskriftinni „Má bjóða þér vatn?“. Umfjöllunarefni þeirra voru stærð og eðli vatnsauðlindarinnar á Íslandi annars vegar og í Afríku hins vegar, samspil vatns og jarðvegs, vatnsnotkun Íslendinga, sú vá sem getur stafað af vatni og loks vatn í tónlist og myndlist.*




## Loftslagsmál

Ein stærsta áskorunin á sviði umhverfismála er hlýnun jarðar en í áratugi hafa þjóðir heims keppt við að stemma stigu við loftslagsbreytingum sem ógna lífríki jarðar. Ríkisstjórnin samþykkti nýja aðgerðaáætlun í loftslagsmálum árið 2010, í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og efla bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti. Kveðið er á um gerð áætlunarinnar í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og er í henni lögð áhersla á 10 svokallaðar lykilaðgerðir, sem eiga að tryggja að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar til ársins 2020. Margar aðgerðanna eru þegar komnar til framkvæmda, s.s. breyttar reglur um skatta og gjöld á ökutæki og eldsneyti, sem taka mið af losun koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>).

## Kyn og loftslag

Áhrif loftslagsbreytinga verða líklega meiri á konur en karla, ekki síst í fátækari ríkjum heims. Í þeim löndum bera konur yfirleitt ábyrgð á vinnu við ræktun matvæla, söfnun eldiviðar og vatnsöflun til heimilisins, til viðbótar öðrum verkum. Það eru því konur sem finna mest fyrir áhrifum loftslagsbreytinga sem valda þurrkum og lélegri uppskeru, lengja leiðina að vatnsbólum eða gera aðgengi erfiðara að eldiviði. Í alþjóðlegum samningaviðræðum í loftslagsmálum hefur Ísland haldið uppi sjónarmiðum kynjajafnréttis og aukinnar þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og aðgerðum. Tillögur Íslands í þeim efnum hafa verið teknar inn í samningstexta og munu leiða til aukins hlutar kvenna við ákvarðanatöku á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og víðar. Regnhlífarsamtök kvenna í loftslagsviðræðunum afhentu umhverfisráðherra viðurkenningu fyrir baráttu Íslands og málflutning á þessu sviði á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn 2009. Ísland hefur fylgt þessum áherslum sínum eftir með því að setja á fót verkefni í Úganda um kyn og loftslag í samvinnu við úgandíska aðila og fleiri ríki. Verkefnið hefur farið vel af stað og var kynnt á vel sóttum fundi á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Doha í Katar í desember 2012. Einnig hafa kynjaáhrif loftslagsmála verið skoðuð í íslensku samfélagi, en umhverfis- og auðlindaráðuneytið lét gera skýrslu í kynjaðri fjárlagagærd þar sem farið var yfir aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og munu niðurstöður skýrslunnar nýtast við framkvæmd áætlunarinnar.



nýjanlegrar orku eru í gangi á vegum opinberra aðila og einkafyrirtækja og mun stuðningur við slík verkefni væntanlega aukast með tilkomu loftslagssjóðs (sjá hér að neðan). Losun hefur farið minnkandi frá 2008. Samstarfshópur ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga fylgdist með framgangi aðgerðaáætlunarinnar og skilar árlegum skýrslum til umhverfis- og auðlindaráðherra. Í fyrstu skýrslu sinni taldi hópurinn að tekist hefði að hrinda flestum lykilaðgerðum af stað og sumar væru í höfn, þótt fylgjast þyrfti náið með hvort árangur yrði í samræmi við væntingar.

Lög um loftslagsmál voru samþykkt á Alþingi vorið 2012, en það er fyrsta heildstæða lögjöfin í málaflóknum á Íslandi. Tilgangur laganna er m.a. að innleiða ETS-kerfið, sem er viðskiptakerfi með losunarheimildir í samræmi við EES-samninginn, en í lögunum er kveðið á um fjölmörg önnur atriði. Meðal annars er ákvæði um stofnun loftslagssjóðs sem hefur það hlutverk að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu almennings á loftslagsbreytingum af mannavöldum. Sjóðurinn verður fjármagnaður með tekjum sem íslenska ríkið fær af uppboðum á losunarheimildum. Í lögunum er líka að finna ákvæði um að stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum, sem er nýmæli.

Ísland hefur samþykkt að taka á sig skuldbindingar um minnkun losunar á nýju skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar 2013–2020 og setur sig þar með í hóp framsæknustu ríkja í loftslagsmálum. Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegri umræðu í loftslagsmálum og styður loftslagsvæn verkefni í þróunarríkjum. Íslensk stjórnvöld hófu nýlega þátttöku í alþjóðlegu átaki til að efla nýtingu jarðhita sem loftslagsvænnar orku í Austur-Afríku, en það er stærsta þróunarverkefni sem Ísland hefur tekið þátt í. Ísland lagði fram tillögu um að vernd og endurheimt votlendis yrði viðurkennd loftslagsaðgerð á 2. skuldbindingartímabili Kýótó, sem var byggð m.a. á rannsóknum íslenskra vísindamanna á losun CO<sub>2</sub> frá framræstum mýrum. Tillagan var samþykkt og naut m.a. góðs stuðnings umhverfisverndarsamtaka, sem bentu á að tillagan stuðlar að náttúruvernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni auk loftslagsávinningans. Ísland hefur ítrekað vakið athygli á alþjóðlegum vettvangi á súrnun hafsins, sem er ein afleiðing af auknum styrk CO<sub>2</sub> í andrúmsloftinu; aukin áhersla er á vöktun á súrnun hafsins hér við land og þarf að vakta þróunina í þeim efnum vel á komandi árum.

Í samstarfsyfirlýsingunni var einnig kveðið á um gerð áætlunar um sjálfbærar samgöngur með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabilinn og ýtti ríkisstjórnin því verkefni úr vör í ágúst 2009. Undir áætlunina falla ýmsar aðgerðir sem lúta m.a. að eflingu almenningsgangna og hjólræiða. Ýmis skref hafa verið stigin til að hrinda áætluninni í framkvæmd, s.s. ákvörðun um 350 milljóna króna framlag ríkisins í rekstur almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifsvæði þess, sem hækka í 1.000 milljónir króna nú á árinu 2013 og á að haldast á því bili til 2022. Farþegum í strætisvögnum hefur fjölgað undanfarin ár og sömuleiðis hjólræiðamönnum í umferðinni. Í nýrri samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi árið 2012 eru auknar áherslur á umhverfismál og vistvænar samgöngur frá fyrri áætlunum. Í samræmi við áætlunina veitir ríkisvaldið nú móttframlag við gerð göngu- og hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu.

Almennum kolefnisskatti hefur verið komið á og Ísland hefur hafið þátttöku í evrópsku viðskiptakerfi með losunarheimildir samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Með því er tryggt að stóriðja búi við sömu reglur og sambærileg starfsemi í Evrópu hvað kröfur í loftslagsmálum varðar. Ótal mörg nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsvænnar tækni og endur-





## Endurheimt vistkerfa

Það að koma í veg fyrir jarðvegseyðingu, eyðingu skóga, votlendis og annarra lykilvistkerfa er meðal stærstu áskorana umhverfis- og auðlindamála. Mikil verkefni eru framundan í því að endurheimta og byggja upp að nýju vistkerfi sem hafa glatast en á tímabilinu hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði endurheimtar landgæða og landnýtingar.

Lagarammi landnýtingar í landinu þarfnast endurskoðunar og hefur í því efni verið lagður mikilvægur grundvöllur á tímabilinu. Þar má sérstaklega nefna vinnu starfshóps sem gerði tillögur að inntaki nýrra laga um landgræðslu, með það að markmiði að forma heildstæða löggjöf um vernd og sjálfbæra nýtingu gróðurs og jarðvegs í landinu. Eins er hafinn undirbúningur að endurskoðun skógræktarlaga, ekki síst með það að markmiði að styrkja skógvernd og bæta umgjörð skipulags og nýtingar skóga og liggur fyrir greining með tillögum að efnistöfum nýrra skógræktarlaga.


Ráðuneytið hefur lagt áherslu á endurheimt náttúruskóga. Ráðherra skipaði starfshóp til að vinna tillögur um aðgerðir á því sviði sem skilaði greiningu sinni 2012. Á þeim grunni var stuðningur til Hekluskögaverkefnisins aukinn verulega. Undirbúningur hefur farið fram um möguleika þess að koma af stað verkefnum um endurheimt votlendis. Hefur verið unnin stefnumörkun, m.a. um möguleika endurheimtar votlendis sem loftslagsaðgerðar.

Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 2011 skógum, það var alþjóðlegt ár skóga. Af því tilefni var haldin vegleg alþjóðleg ráðstefna í Hörpu um ýmis mál sem tengjast skógum. Ráðherra sótti jafnframt fund evrópskra skógarmálaráðherra í Osló þar sem veitt var umboð til að hefja gerð laglega bindandi alþjóðlegs samnings um sjálfbæra nýtingu skóga og hefur ráðuneytið tekið virkan þátt í gerð hans.

## Vistheimt á Íslandi

Hnignun vistkerfa er alþjóðlegt vandamál. Hér á landi hefur orðið stórfelld eyðing gróðurs og jarðvegs og flest gróðurlendi landsins bera merki hnignunar þótt víða sé gróður í framför. Árið 2011 stýrði Landgræðsla ríkisins útgáfu ritsins „Vistheimt á Íslandi“ sem inniheldur yfirlit yfir endurheimt hnignaðra vistkerfa á landinu. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkt yfirlit er tekið saman en ritið er hluti af heildaryfirliti yfir stöðu vistheimtar á Norðurlöndum. Í ritinu eru dregnar saman upplýsingar um framkvæmdir, rannsóknir og fræðslu er lúta að vistheimt á Íslandi. Fram koma m.a. upplýsingar um hvenær vistheimtarverkefni hófust, stærð þeirra, markmið, aðferðir og samstarfsaðila, auk þess sem völdum verkefnum er lýst nánar.

Skipulag landnotkunar og sjálfbærni hennar hefur jafnframt verið í brennidepli. Nýkomin er út stefnumörkun um beitarstjórnun og sjálfbæra landnýtingu þar sem mótaðar eru ýmsar tillögur til umbóta á því sviði, m.a. um að kannaður verði möguleiki þess að vinna eins konar rammaáætlun um skipulag landnotkunar og sjálfbæra landnýtingu. Staðreyndin er að land er takmörkuð auðlind þar sem mörg sjónarmið takast á. Afar mikil breyting hefur orðið á landnotkun á undanförunum áratugum. Þannig er land m.a. nýtt fyrir sauðfjárbætur, hross, túnrækt, kornrækt, oliurepju, skógrækt, endurheimt votlendis, orlofshús/búgarðabyggð, náttúruvernd, ferðapjónusta og vistheimt svo það helsta sé talið. Það er mikilvægt að stjórnvöld veiti leiðsögn um ráðstöfun lands (landnotkun) og leiðbeiningar um sjálfbæra landnýtingu, ekki síst, til að gera sér betur grein fyrir landþörf einstakra kosta og jafnframt til ráðgjafar við aðalskipulagsgerð sveitarfélaga.



## Líffræðileg fjölbreytni

Ein af grundvallarforsendum þess að maðurinn og annað líf þrífist á jörðinni er að líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið. Með auknum áhrifum mannsins í gegnum tíðina hefur tegundum hins vegar fækkað með ógnarhraða og er verndun líffræðilegrar fjölbreytni því talin meðal mikilvægustu verkefna þjóða heims.

Framkvæmdaáætlun fyrir stefnu um líffræðilega fjölbreytni var samþykkt í ríkisstjórn árið 2010. Nokkur atriði hennar hafa þegar komið til framkvæmda en hluti framkvæmdarinnar, s.s. tillögur um friðlýsingu svæða og tegunda plantna og dýra, fellur undir náttúruverndaráætlun

sem samþykkt var á Alþingi 2010. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur í samræmi við áætlunina sett upp vöktunaráætlun fyrir fugla og vinnur áfram að skipulagningu vöktunar á öðrum þáttum lífríkis Íslands í tengslum við kortlagningu og skilgreiningu vistgerða. Sömu leiðis hefur hluti gagnagrunna um náttúru landsins verið gerður aðgengilegur á netinu og verður áfram unnið að því að auka aðgengi og samræma birtingu gagna. Kortlagning gróðurs og vistgerða er unnin samkvæmt áætlun um IPA-styrki og gert ráð fyrir að því ljúki árið 2015. Lokið er kortlagningu lífríkis á háhitasvæðum og mati á verndargildi þeirra og á grundvelli rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða er hafinn undirbúningur að friðlýsingu svæðanna.

Friðlýsing tegunda í samræmi við stefnu samningsins um líffræðilega fjölbreytni og á grundvelli náttúruverndaráætlunar hefur verið undirbúin og liggja fyrir tvær tillögur að auglýsingu tegunda háplantna, mosa og fléttna sem ganga mislangt í umfangi friðunar.

Búsvæði blesgæsa við Hvanneyri var stækkað verulega með friðlýsingu Andakils 2011 en friðlýsta svæðið er nú ríflega 3000 hektarar. Svæðið var aukin heldur tekið inn á votlendisskrá Ramsarsamningsins í mars 2013 ásamt tveimur öðrum svæðum: Eyjabökkum og friðlandinu í Guðlaugstungum. Árið 2011 var fyrsta búsvæði skordýra, búsvæði tjarnaklukku, friðað hér á landi.

Náttúrufræðistofnun Íslands lagði nýlega fram heildaráætlun fyrir vöktun fuglastofna landsins. Þá hefur hún unnið að tillögum um vöktun annarra lykilkþátta í náttúru landsins sem áætlað er að verði tilbúna árið 2015.



## Íslenski refurinn

Refurinn er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Hann er talinn hafa numið hér land á síðustu ísöld, löngu áður en menn settust að á landinu. Refurinn er því einstakur og órjúfanlega tengdur íslenskri náttúru. Í stærra samhengi er íslenski refurinn jafnframt sérstakur vegna langvarandi einangrunar frá öðrum refastofnum. Allnokkur sjónarmið þarf að yfirvega við ákvarðanir um veiðar á ref og ráðstöfun fjár til þess, þ.e. hagsmuni sauðfjárræktar, æðarræktar og náttúruverndar, en stjórnvöld hafa ákveðið að leggja 30 milljónir króna til refaveiða árið 2013. Skipulag veiðanna þarf að hafa framangreind sjónarmið að leiðarljósi, vega þau og meta, og beina aðgerðum til þeirra svæða sem við á. Þá hefur umhverfis- og auðlindaráðherra skipað starfshóp fulltrúa ríkis og sveitarfélaga með það hlutverk að fara yfir núverandi fyrirkomulag og framkvæmd refaveiða auk minkaveiða með sérstaka áherslu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Starfshópurinn skal skila tillögum sínum um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulaginu í október 2013.



Á Melrakkasetri Íslands á Súðavík

## Lúpína og skógarkerfill

Á undanförunum árum hefur verið nokkur umræða um áhrif ágengra framandi tegunda á lífríki Íslands. Alaskalúpína og skógarkerfill eru framandi plöntutegundir sem voru fluttar til landsins, m.a. til að græða upp land og sem garðaprýði, en teljast nú vera ágengar.

Haustið 2009 fól umhverfisráðherra landgræðslustjóra og forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands að gera áætlun um aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils. Sett var á stofn nefnd skipuð starfsmönnum beggja stofnana sem skilaði af sér skýrslu í apríl 2010. Þar eru settar fram upplýsingar um útbreiðslu og einkenni tegundanna og tillögur um hvernig draga mætti úr frekari dreifingu þeirra. Sumarið 2010 skipaði umhverfisráðherra stýrihóp sem hefur það hlutverk að móta og samræma aðgerðir við kortlagningu á útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils, taka saman upplýsingar um tegundirnar og setja fram tillögur um varnir og upprætingu. Ákveðið var að áhersla yrði fyrst um sinn á friðlýst svæði og miðhálandið. Vorið 2011 opnaði stýrihópurinn heimasíðu þar sem dregnar eru saman upplýsingar er varða eiginleika og útbreiðslu þessara plöntutegunda með leiðbeiningum um mögulegar aðgerðir til upprætingar þeirra. Á síðunni gefst almennigi einnig tækifæri til að senda inn upplýsingar um vaxtarstaði alaskalúpínu og skógarkerfils en þannig má á markvissari hátt fá yfirlit yfir útbreiðslu tegundanna, m.a. í því skyni marka stefnu um mögulegar aðgerðir.



## Verndun hafsins

Langt er síðan menn áttuðu sig á mikilvægi þess að huga að skipulagi og verndun merkilegra svæða á landi en minni athygli hefur beinst að hafsvæðum í þessu samhengi. Þetta er þó óðum að breytast enda hefur hafið að geyma mikilvæg vistkerfi og auðlindir sem þjóðir heims reiða sig á, ekki síst sjávarútvegsþjóð eins og Íslendingar.

Ísland tilnefndi tvö ný verndarsvæði í net verndarsvæða OSPAR-samningsins á árinu 2012, hafsvæðin umhverfis Eldey og Surtsey sem bæði eru vernduð með reglugerðum. Á síðasta ári var einnig alþjóðlegt verndarsvæði sem liggur utan lögsögu OSPAR-rikkanna stækkað umtalsvert og tekur það nú til hafrýmisins norðan við upphaflega verndarsvæðið sem stofnað var 2010. Markmiðið með uppbyggingu verndarsvæða OSPAR er að byggja upp net verndarsvæða sem er vel stjórnað og vernda þannig búsvæði og tegundir sem eru í hættu á svæðinu.

Stofnaður var starfshópur um verndarsvæði í hafinu sem hefur það hlutverk að vinna að stefnumótun varðandi málaflökkinn. Þá var sérstakri nefnd falið að gera úttekt á því lagaumhverfi sem gildir um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni og meta þörf fyrir skýrari reglur þar um og hvort ástæða væri til að setja löggjöf um skipulag strandsvæða. Nefndin skilaði af sér skýrslu í september 2011 með niðurstöðum og tillögum. Frá og með 1. september 2012 fer umhverfis- og auðlindaráðuneytið með skipulag haf- og strandsvæða og verður áfram unnið að úrbótum á þessu sviði.

Flutningur framandi lífvera milli hafsvæða með kjölfestuvatni er vaxandi vandamál og áhyggjuefni, m.a. vegna aukinnar skipaumferðar og hlýnunar sjávar. Árið 2010 var sett reglugerð sem takmarkar losun kjölfestuvatns til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist með því til hafsvæða og stranda umhverfis Ísland. Reglugerðin kveður á um bann við losun ómeðhöndlaðs kjölfestuvatns innan mengunarlögsögu Íslands.




Ljósmynd: Nikolaj Bock/norden.org

*Borgarísjaki við Grænland.*

## Norðurslóðamál

Ör hopun hafíss á norðurslóðum og aukin efnahagsumsvif og siglingar þar hafa beint sjónum manna að tækifærum og ógnum á nyrstu svæðum heims. Íslensk stjórnvöld hafa eftt starf sitt í Norðurskautsráðinu, sem fjallar að miklu leyti um umhverfismál. Gengið var frá lokadrögum samnings um samvinnu við aðgerðir gegn olíumengun á vegum ráðsins á fundi í Reykjavík 2012 og stendur til að skrifa undir hann vorið 2013. Á vegum PAME, vinnuhóps Norðurskautsráðsins um vernd hafsins, sem er hýstur á Akureyri, hefur verið unnið að umfangsmiklu yfirliti og tillögum um vernd og sjálfbæra nýtingu Norður-Íshafsins, sem verður lokið á þessu ári. Umhverfis- og auðlindaráðherra fékk samþykktar í ríkisstjórn tillögur um aukið samstarf stofnana og ráðuneyta vegna aukinna siglinga á norðurslóðum og hugsanlegra óhappa skipa við Íslandsstrendur. Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslan skrifuðu undir samstarfssamning um eftirlit með mengun á sjó í lok árs 2012. Á sama tíma var kynnt vákort af hafsvæðinu við Ísland, Færeyjar og Grænland, sem er mikilvægt tæki til að auðvelda skipulögð viðbrögð við bráðamengun. Almennt hefur vöktun á siglingum og viðbúnaður við bráðamengun verið eflur.





## Samráð og upplýsingar til almennings

Árósasamningurinn tryggir almenningi rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Hann leggur einnig áherslu á skyldur okkar allra til að vernda umhverfið og er því mikilvægur alþjóðasamningur.

Alþingi samþykkti haustið 2011 frumvarp um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og breytingar á kærúákvæðum ýmissa laga er snerta umhverfið. Þar með voru allar þrjár stoðir Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í lög leiddar hér á landi og hægt að fullgilda hann í framhaldinu. Hann var fullgiltur fyrir Íslands hönd þann 20. október 2011.

Ísland undirritaði Árósasamninginn árið 1998 og áður en til framangreindrar lagabreytingar kom höfðu tvær af þremur stoðum hans, þ.e. stoðin um aðgang að upplýsingum og stoðin um þátttökuréttindi almennings, verið lögfestar á Íslandi en ekki var hægt að fullgilda samninginn þar sem þriðja stoðin, um aðgang að réttlátri málsmeðferð, var ekki innleidd hér á landi.



## Skipulag og mannvirki

Stór hluti þess umhverfis sem fólk dvelur í stærstan hluta tíma síns er manngerður. Löggjöf á því sviði heyrir að miklu leyti undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hefur verið tekin til gagngerrar endurskoðunar að undanförunu. Ný skipulagslög og mannvirkjalög voru samþykkt af Alþingi og tóku gildi 1. janúar 2011. Mannvirkjalögunum er ætlað að auka öryggi og gæði mannvirkja, efla neytendavernd, gera stjórnýslu mannvirkjamála sem skilvirkasta, auka faglega yfirsýn í málaflokknum og tryggja samræmt byggingareftirlit um land allt. Með þeim var

Mannvirkjastofnun sett á fót, en hún tók m.a. yfir ýmis verkefni Brunamálastofnunar sem var lögð niður á sama tíma. Í skipulagslögum er kveðið á um fjölda nýmæla en markmið þeirra er að auka skilvirkni, sveigjanleika og gæði við gerð skipulags. Lögin gera ráð fyrir aukinni þátttöku almennings við gerð skipulagsáætlana og í þeim er kveðið á um landsskipulagsstefnu þar sem stjórnvöld móta heildstæða sýn í skipulagsmálum.

Viðamiklar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli bæði skipulags- og mannvirkjalaga og voru báðar unnar í miklu samráði við hagsmunaaðila og sérfræðinga. Tillaga að landsskipulagsstefnu var lögð fyrir Alþingi í janúar 2013, en náði ekki fram að ganga fyrir þinglok. Landsskipulagsstefnunni er ætlað að samþætta áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

### Brunareglugerðir

Meðal málaflokka umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru brunavarnir en Mannvirkjastofnun fer með yfirumsjón með slökkvistarfi sveitarfélaga. Nokkrar reglugerðir er varða slökkvilið og brunavarnir voru settar á tímabilinu. Má þar nefna reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna sem kveður á um þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar í því skyni að tryggja öryggi slökkviliðsmanna. Reglugerð um þjónustuaðila brunavarna er ætlað að tryggja að þjónusta vegna brunavarna sé af viðunandi gæðum og að brunavarnir séu að fullu virkar á hverjum tíma. Sömuleiðis tók gildi reglugerð um slökkvitæki sem ætlað er að tryggja að slík tæki séu af viðunandi gæðum og þeim viðhaldið.

### Samgöngustefna ráðuneytisins

Ráðuneytið setti sér samgöngustefnu sumarið 2010 í þeim tilgangi að hvetja starfsfólk ráðuneytisins til að nota vistvæna ferðamáta. Stefnan felur m.a. í sér að ráðuneytið greiðir strætisvagnakort fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar almenningsamgöngur auk þess sem það kemur til móts við þá sem ganga eða hjóla til og frá vinnu með því að greiða útlagðan kostnað upp að ákveðnu marki, t.d. vegna hlífðarfatnaðar. Þá er áhersla lögð á vistvænan ferðamáta í vinnu, s.s. vegna funda utan vinnustaðar, og leitast við að nýta möguleika til síma- og fjarfunda. Voru fyrstu samgöngusamningar ráðuneytisins og starfsfólks þess undirritaðir í september 2010.



## Landupplýsingar

Landupplýsingar leika sennilega stærra hlutverk í daglegu lífi og starfi fólks og fyrirtækja en flestir gera sér grein fyrir, allt frá því að vera nauðsynlegur leiðarvisir í ferðum fólks um landið í formi landakorta og GPS-upplýsinga til þess að hafa afgerandi áhrif á það hvar fólk byggir híbýli sín. Fyrirtæki byggja mörg hver starfsemi sína á landupplýsingum og nægir þar að nefna orkuveitur og ferðaþjónustu, staðsetning vega ræðst af landupplýsingum, kortaþjónustur á borð við Google eru háðar landupplýsingum og svo mætti lengi telja enda eru landupplýsingar hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.

Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar voru samþykkt á Alþingi 2011, en með þeim eru grundvallaratriði svokallaðrar INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins innleidd samkvæmt EES-samningnum. Lögin kveða á um uppbyggingu grunngerðar landupplýsinga á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja aðgengi að slíkum gögnum á Íslandi. Virk grunngerð landupplýsinga er talin mikilvægur þáttur góðrar og skilvirkrar stjórnsýslu, s.s. við ákvarðanatöku, stefnumörkun og til að virkja almenning. Markmið laganna er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar og þá einna helst í þágu umhverfismála.

Landupplýsingagátt var opnuð á vef Landmælinga Íslands en hún geymir svokölluð lýsigögn um landupplýsingar þar sem hægt er að finna hvar nálgast má gögnin, skoða þau og nálgast ýmsa þjónustu þeim tengda.

Þá voru stafræn kort og landupplýsingar í vörslu Landmælinga Íslands gerð gjaldfrjál. Gögnin eru notuð við ýmis verkefni á vegum stofnana ríkisins, s.s. við eignaskráningu, skipulagsmál, náttúruvernd, náttúruvá, orkumál, rannsóknir og opinberar framkvæmdir en einnig gagnast þau almenningi og fyrirtækjum með margvislegum hætti. Markmiðið er að tryggja aðgengi almennings að gögnunum og hvetja til aukinnar notkunnar, úrvinnslu og miðlunar þeirra, t.d. á sviði ferðaþjónustu, opinberrar stjórnsýslu og í menntakerfinu.

Á kjörtímabilinu gáfu Landmælingar Íslands út í fyrsta sinn sameiginlegt hæðarkerfi fyrir Ísland. Kerfið er kallað Landshæðarkerfi Íslands (ISH2004) og er útgáfa þess stór tímamót í sögu landmælinga á Íslandi. Á sama hátt og viðmiðunin ISN93 skapaði grundvöll fyrir alla til að vinna í sama hnitakerfi mun ISH2004 skapa grundvöll fyrir alla til að vinna í sama hæðarkerfi. Eitt samræmt hæðarkerfi er mikilvægt fyrir ýmsar framkvæmdir, s.s. vegagerð og jarðgangagerð og á ýmsum sviðum skipulags og áætlanagerðar. Auk þess munu gögnin nýtast við rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum eða breytingum á yfirborði sjávar.

Örnefnasjá Landmælinga Íslands var opnuð á degi íslenskrar náttúru 2011. Um er að ræða vefsíðu þar sem finna má örnefni úr örnefnagrunni Landmælinga Íslands en hann er unninn í samvinnu við nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



## Úrgangsmál

Neysla okkar allra byggir á því að hráefni og orka er sótt í auðlindir jarðar til framleiðslu á varningi sem eftir notkun mannsins endar sem úrgangur. Hins vegar eru auðlindir jarðarinnar takmarkaðar og því ber manninum að fara eins sparlega með hráefni og orku og kostur er. Á sama hátt er mikilvægt að gæta þess að sem minnst falli úr hringrásinni í formi úrgangs sem nauðsynlegt er að farga.



Það er því ekki að ósekju að úrgangsmyndun og sorphirðumál eru ofarlega á baugi þegar kemur að umhverfisvernd. Á tímabilinu hefur ráðuneytið unnið að stefnumótun í málaflokknum og óskaði í því skyni eftir hugmyndum og ábendingum frá almenningi, stjórnvöldum og hagsmunaaðilum um hvert bæri að stefna. Þær hugmyndir sem bárust voru notaðar í vinnu við landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024, sem væntanleg er í apríl 2013. Þær endurspeglast einnig í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs sem lagt var fram í mars 2013. Frumvarpinu er m.a. ætlað að innleiða úrgangstilskipun Evrópusambandsins með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum úrgangs. Meðal annars er gert ráð fyrir að ráðherra gefi út almenna stefnumörkun til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun hans. Lagt er til í frumvarpinu að komið verði á sérstakri söfnun, m.a. á pappír, málmum, plasti, gleri og lífrænum úrgangi, og að unnt verði að losa slíkan úrgang á aðgengilegan hátt. Þá er aukin áhersla lögð á fræðslu til almennings.

Ofangreind landsáætlun hefur verið rýnd með það fyrir augum að meta mismunandi áhrif hennar á konur og karla þar sem farið var yfir starfsvettvang úrgangsmeðhöndlunar og endurvinnslu. Auk þess voru metin áhrif á ólaunuð störf kynjanna á heimilum vegna aukinnar flokkunar og úrgangslösu.

Reglugerð um brennslu úrgangs var breytt til að tryggja að allar brennslustöðvar hefðu fullnægjandi mengunarvarnarábúnað til verndunar umhverfis og heilsu almennings.



Frá Rió+20 ráðstefnunni sem haldin var í júní 2012.

## Sjálfbær þróun

Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst skilgreint í skýrslunni „Sameiginleg framtíð okkar“ (Our Common Future) sem samin var árið 1987 undir forystu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs. Þar var hugtakið skilgreint sem sú þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Síðan hefur sjálfbær þróun verið leiðarstef í umhverfismálum á alþjóðavísu og var m.a. megininntak Rió-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun sem haldin var árið 1992.

Tuttugu árum síðar, í júní 2012, var haldin önnur ráðstefna á sama stað undir yfirskriftinni Rió+20, m.a. í því skyni að endurnýja heit þjóðarleiðtoga frá fyrri ráðstefnum og taka ákvarðanir um frekari aðgerðir til að tryggja sjálfbæra þróun í heiminum öllum. Í brennidepli voru spurningar um hvernig draga mætti úr fátækt og jafna félagslega stöðu jarðarbúa jafnframt því að tryggja vernd náttúru og umhverfis. Ríkisstjórn Íslands ákvað að leggja megináherslu á fjóra málaflokka í undirbúningi Íslands fyrir ráðstefnuna: Málafni hafsins, landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu, orkumál og kynjajafnrétti.

Í aðdraganda ráðstefnunnar var fulltrúum félagasamtaka og öðrum haghöfum boðið að sækja kynningarfundum þar sem áherslur Íslands voru kynntar. Einnig var haldinn opinn kynningarfundur í samstarfi við Alþjóðamálastofnun og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands.



Í lokayfirlýsingu Ríó+20 er mikilvægi hafsins sem undirstöðu fyrir fæðuöryggi mannkyns undirstrikað og árangur náðist varðandi nokkur atriði sem Ísland lagði áherslu á, m.a. mengun, aðgerðir gegn brottkasti fisks og ólöglegum fiskveiðum svo og aðgerðir til að vinna gegn súrnun sjávar. Í yfirlýsingu ráðstefnunnar er áréttað mikilvægi þess að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum á sviði landgræðslu og landnýtingar og hvatt til samráðs vísindamanna við að byggja upp þekkingu á hvernig vinna má gegn landeyðingu og byggja upp skaddað land á ný. Í yfirlýsingu um orkumál er lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja aðgengi fólks að

sjálfbærum nútímalegum orkuauðlindum með megináherslu á endurnýjanlega orku. Margar af tillögum Íslands um jafnréttismál fengu hljómgrunn og má sjá þess stað í textanum. Hins vegar náðist ekki fram tillaga um rétt kvenna til kyn- og frjósemisheilbrigðis en það felur m.a. í sér rétt kvenna til að stjórna barneignum sínum. Undirstrikaði ráðherra í lokaávarpi sínu sérstaklega óánægju Íslands með að þetta mikilvæga mál skyldi ekki komast inn í yfirlýsingu ráðstefnunnar, ekki síst í ljósi þess að stjórn á fjölgun mannkyns er lykilatriði í sjálfbærri þróun.

## Vistvæn innkaup og grænn ríkisrekstur

Árlega nema innkaup ríkisins um 150 milljörðum króna. Með kaupmætti sínum og eftirspurn getur ríkið því haft gríðarleg áhrif á þróun á markaði; á vöru- og þjónustuframboð og verið drifkraftur nýsköpunar. Í tillögum Alþingis um eflingu græna hagkerfisins er lögð áhersla á að ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi, m.a. í gegnum vistvæn innkaup og markvisst umhverfisstarf.

Umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra undirrituðu í apríl 2013 nýja stefnu til fjögurra ára um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Í stefnunni er fjallað um hvernig samþætta má umhverfissjónarmið góðum innkaupaháttum hjá ríkinu og hvernig opinberir aðilar geta gert rekstur sinn grænni. Áhersla ríkis og sveitarfélaga á vistvæn innkaup hefur þegar haft veruleg áhrif á markaðinn. Dæmi um það er fjölgun Svansvottaðra fyrirtækja úr 4 í 25 frá samþykkt síðustu stefnu, sem telja má beina afleiðingu af umhverfiskröfum í útboðum opinberra aðila.

## Umhverfisþing 2009 og 2011

Sjálfbær þróun var meginefni VI. Umhverfisþings sem haldið var í Reykjavík í október 2009. Á þinginu voru lögð fram drög að nýjum áherslum „Velferðar til framtíðar“, sem er stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun, og fjallað um þau á þinginu. Umhverfisráðherra lagði sérstaka áherslu á að tryggja að hugmyndir og tillögur komandi kynslóðar kæmu fram við endurskoðun stefnunnar og var ungt fólk sérstaklega hvatt til að taka þátt í þinginu. Í tengslum við þingið var gefin út skýrsla undir yfirskriftinni „Umhverfi og auðlindir“. Í skýrslunni er lagt mat á hvernig Íslandi miðar í átt til sjálfbærrar þróunar á tilteknum sviðum.



Á VII. Umhverfisþingi, sem haldið var í október 2011 á Selfossi, voru náttúruverndarmál í forgrunni. Til að styrkja tengsl íslenskra og danskra umhverfisverndarsamtaka ákvað ráðherra að bjóða Ellu Mariu Bisschop-Larsen, formanni dönsku náttúruverndarsamtakanna, að vera heiðursgestur þingsins en samtökin fögnuðu 100 ára afmæli það ár. Meginumfjöllunarefni þingsins var Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands en í henni er úttekt á lagalegri stöðu náttúruverndarmála hér á landi. Eftir kynningu á bókinni var fjallað um hana bæði almennt og einstaka þætti í heimskaffi og málstofum.



## Menntun til sjálfbærni

Eitt öflugasta tækið til að auka skilning á nauðsyn sjálfbærni er fræðsla og menntun barna og ungmenna og var áhersla á því sviði aukin til muna á tímabilinu. Umhverfisfræðsluráð og Landvernd efndu til málþings um menntun til sjálfbærni haustið 2009 í aðdraganda þess að áherslur þar að lútandi voru í fyrsta skipti settar fram í stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“. Vorið 2011 tóku svo gildi nýjar aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla en í þeim eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar og er *sjálfbærni* einn þeirra.

Íslensk stjórnvöld hafa lengi verið bakhjarl Grænfánaverkefnis Landverndar, sem ber heitið „Skólar á grænni grein“ (Eco-Schools). Um er að ræða alþjóðlegt verkefni sem Landvernd hefur rekið hér á landi í 10 ár en þátttökuskólar miða að því að geta flaggað alþjóðlegu viðurkenningu Grænfánanum sem veitt er fyrir umhverfisstarf og stefnu skólans í umhverfismálum. Í lok árs 2011 var gengið frá þriggja ára styrktarsamningi umhverfisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Landverndar vegna þessa verkefnis.






Eldgosið í Eyjafjallajökli, í maí 2010. Gosmökkur yfir Ormskoti í Fljótshlíð.

## Eldgos

Þótt eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum 2011 hafi orðið tilefni ítarlegrar umfjöllunar í fjölmiðlum um allan heim vegna áhrifa þeirra á flugsamgöngur urðu áhrif þeirra mun meiri og langvinnari meðal fólks í grennd við umbrotin og víðar á Íslandi. Gosin ollu ómældum óþægindum og fjártjóni hjá bændum og öðrum íbúum í næsta nágrenni við eldstöðvarnar og er öskufjúk í kjölfar gosanna víða enn til vandræða.

Gripið var til ýmissa aðgerða í því skyni að draga úr þessum áhrifum. Meðal annars samþykkti ríkisstjórnin í því skyni að hefta öskufok 40 milljóna króna fjárveitingu til styrkingar gróðurs á svæðum þar sem mikið öskufall varð. Undirrituð var viljayfirlýsing ráðuneytisins og viðskipta- og nýsköpunarráðuneytis Bretlands um samstarf þjóðanna á sviði rannsókna og eftirlits með eldsumbrotum á Íslandi og umhverfisáhrifum og áhættu af völdum þeirra. Þá samþykkti ríkisstjórnin að hefja viðamikla vinnu við hættumat fyrir eldgos á Íslandi en margt bendir til þess að tímabil aukinnar eldvirkni sé hafið. Er áætlað að matið taki 15 - 20 ár en fyrsti áfanginn er verkefni til þriggja ára.



Á Fimmvörðuhálsi í apríl 2010.



Eldgos á Fimmvörðuhálsi í apríl 2010.

## Endurbætur í stjórnsýslu

Undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið heyrir gríðarlega umfangsmikil löggjöf sem snertir daglegt líf flestra landsmanna og stóran hluta þeirra framkvæmda sem ráðist er í. Það skiptir því miklu að vandað sé til verka við afgreiðslu ráðuneytisins. Hér eru nefnd þrjú dæmi um úrbætur í starfsemi ráðuneytisins sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum.

Í kjölfar birtingar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fól ráðherra starfsmönnum ráðuneytisins að fara yfir tiltekna kafla í skýrslunni með það fyrir augum að kanna hvort þar væri að finna ábendingar um atriði sem sérstaklega væri vert að leggja áherslu á í störfum ráðuneytisins eða jafnvel kallaði að einhverju leyti á breytt vinnubrögð innan þess. Það var mat vinnuhópsins að í öllum aðalatriðum væri viðhöfð góð stjórnsýsla í ráðuneytinu, þótt stöðugt þurfi að skerpa og bæta vinnubrögð og meðferð einstakra mála.

Meðal þess sem talið er efla yfirstjórnar- og eftirlitshlutverk ráðherra gagnvart stofnunum eru árangursstjórnunarsamningar og í desember 2010 höfðu þeir verið gerðir við allar stofnanir ráðuneytisins. Samningarnir eru grundvöllur áætlanagerðar, stefnumótunar og árangursmats. Þannig mynda rekstraráætlanir, verkefnaáætlanir og markmiðasetning eina heild sem er grundvöllur formlegra samskipta ráðuneytisins og stofnana þess. Einnig skila stofnanir ráðuneytisins niðurstöðum áætlana í upphafi hvers árs með upplýsingum um hvort og hvernig settum markmiðum var náð.

Í byrjun árs 2011 fór ráðherra þess á leit við Ríkisendurskoðun að fram færi stjórnsýsluúttekt á afskiptum ráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga og annarra aðila af eldri sorpbrennslustöðvum. Þetta var gert í ljósi umræðu um díoxínmengun frá sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði og mögulega tengingu hennar við mælingar á díoxínmengun í mjólkurafurðum frá býli í nágrenni stöðvarinnar. Rekstur eldri sorpbrennslustöðva byggði á undanþágu frá tilskipun ESB sem veitt var með skilyrðum 2003. Taldi Ríkisendurskoðun þeim skilyrðum ekki hafa verið fullnægt og að umhverfisyrirvöld hefðu ekki metið nægjanlega hvaða áhættu undanþágan hefði í för með sér fyrir umhverfi og mannlíf í nágrenni þeirra stöðva sem féllu undir hana. Umhverfisstofnun og ráðuneytið bættu í framhaldinu eftirlit með mengandi starfsemi og hafa sérákvæði fyrir eldri sorpbrennslustöðvar verið felld úr gildi.



### Sundreglugerð

Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum var undirrituð haustið 2010 í því skyni að auka öryggi fólks á sundstöðum. Í reglugerðinni eru gerðar itarlegri kröfur um öryggiskerfi og laugargæslu en gert var í eldri reglugerð og kröfur auknar til öryggis barna. Þá eru sérstakar kröfur gerðar til sundlaugarvarða, kennara og þjálfara. Með breytingum sem gerðar voru á reglugerðinni haustið 2012 voru ákvæði hennar varðandi aldursmörk og sundlaugargæslu nánar útfærð um leið og kröfur til innra eftirlits sundstaða voru auknar.

## Útgáfa

Möguleikar til að draga úr nettóúttreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi (2009)  
Umhverfi og auðlindir (2009)  
Fræðslumyndband um hóflega rjúpnaveiði (2009)  
Alaskalúpína og skógarkerfill á Íslandi. Útbreiðsla, varnir og nýting (2010)  
Ávallt á vegi–aðgerðaráætlun gegn akstri utan vega (2010)  
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010–2013 (2010)  
Greinargerð rýnihóps umhverfisráðuneytisins vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (2010)  
Skýrsla um starfsemi ofanflóðanefndar 2002–2008 (2010)  
Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum (2010)  
Framkvæmdaaætlun um líffræðilega fjölbreytni (2010)  
Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 1990–2009 (2011)  
Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar–skýrsla verkefnisstjórnar (2011)  
Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands (2011)  
Greinargerð og tillögur starfshóps um verndun og endurreisn svartfuglastofna (2012)  
Tillögur að leiðum til endurreisnar birkiskóga á Íslandi (2012)  
Aðgerðir í loftslagsmálum–skýrsla samstarfshóps til umhverfisráðherra 2012 (2012)  
Tillögur að nýjum lögum um skógrækt (2012)  
Tillögur að nýjum lögum um landgræðslu (2012)  
Loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra (2012)  
Skógar á Íslandi, stefnumörkun á 21. öld (2013)  
Tillögur starfshóps um beitarstjórnun og sjálfbæra landnýtingu (2013)  
Hreint loft, betri heilsa. Umfjöllun um loftgæði og heilsufar á Íslandi ásamt tillögum til úrbóta (2013)  
Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra (2013)  
Endurskoðun á stjórnfyrikomulagi Vatnajökulspjóðgarðs–tillögur starfshóps (2013)  
Tillaga að stefnumörkun um verndun hella (2013)  
Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024 (væntanleg í apríl 2013)



Strokkur í Haukadal.

## Lagasetning á sviði mengunarmála

Sú meginregla umhverfisréttarins sem kölluð hefur verið mengunarbótareglan (Polluter pays principle) felur það í sér að sá sem veldur mengun bæti það umhverfistjón sem af henni hlýst og beri kostnaðinn. Með lögum um umhverfisábyrgð sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2012 var þessi regla innleidd í íslenskan rétt. Með lögnum voru því í fyrsta skipti settar hér á landi reglur um skyldur rekstraraðila til að koma í veg fyrir tjón eða bæta úr því og bera kostnað af viðeigandi ráðstöfunum í því sambandi.

Árið 2010 var sett reglugerð sem kveður á um heilsuverndarmörk brennisteinsvetnis með það að markmiði að draga úr mengun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum og mögulegum neikvæðum áhrifum hennar á heilsu fólks. Samkvæmt reglugerðinni eiga fyrirtæki sem reka jarðvarmavirkjanir að setja upp mælistöðvar og fylgjast með losun brennisteinsvetnis. Með því á að tryggja nægilegar og samræmdar mælingar á styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og að þeim upplýsingum sé miðlað til almennings.

Sérákvæði um starfandi sorpbrennslustöðvar voru felld úr gildi með breytingu á reglugerð um brennslu úrgangs í mars 2012. Hafði það í för með sér að allar íslenskar sorpbrennslustöðvar áttu að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til sambærilegrar starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 1. janúar 2013. Breytingarnar voru liður í viðbrögðum stjórnvalda við mælingum sem sýndu hátt gildi díoxíns í nágrenni sorpbrennslustöðva á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, á Svínafelli og Kirkjubæjarklaustri. Þessum stöðvum hefur nú verið lokað.





UMHVERFIS- OG  
AÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Apríl 2013